

20
14. apríl Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Guðrúnar Pálsdóttur frá Borg í Borgarfirði, síðast prestsekkju að Stað í Aðalvík, fæddrar 8. maí 1822, dáinnar 12. febrúar 1884, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 14. apríl 1932. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Guðrúnar Pálsdóttur frá Borg í Borgarfirði síðast prestsekkju að Stað í Aðalvík, fæddrar 8. maí 1822, dáinnar 12. febr. 1884.

1 gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Guðrúnar Pálsdóttur frá Borg.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 500 kr. framlagi frá dóttursyni Guðrúnar Pálsdóttur, Guðmundi Hannessyni bæjarfógeta, Siglufirði, og eru tekjur sjóðsins vextir, vaxtavextir stofnfjárins og annað, er sjóðnum kann að áskotnast.

3. gr.

Peningar sjóðsins skulu geymdir í útbúi Landsbankans, Ísafirði, meðan ríkið ber ábyrgð á innlögum í bankann, en stjórn sjóðsins skal annast um, að inneign sjóðsins sé þegar látin í Söfnunarsjóð Íslands, ef ríkisábyrgð á innlögum Landsbankans yrði skert eða numin úr gildi, og skal sjóðinn þá síðan ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Oddviti Sléttuhrepps, sóknarpresturinn í Aðalvíkursókn og barnaskólastjórinn að Látrum í Aðalvík. Nú vill einhver þessara manna ekki taka að sér að vera í stjórn sjóðsins eða þeirra er eigi lengur kostur og mælast þá aðrir stjórnarformenn til við dómsmálaráðherra, að hann tilnefni þá, er vantar í sjóðsstjórnina.

5. gr.

Árið 1984, — þegar öld er liðin frá andláti Guðrúnar Pálsdóttur, — skal verja hálfum ársvöxtum sjóðsins til styrktar fátækum og munaðarlausum börnum innan núverandi takmarks Sléttuhrepps, til uppeldis þeirra og menningar til 16 ára aldurs, ef stjórn sjóðsins telur börnin styrkþurfa. Síðan skal árlega, — að svo miklu leyti sem stjórnin telur börn í hreppnum styrkþurfa — hálfum vöxtum sjóðsins varið í sama skyni, unz sjóðurinn er orðinn kr. 250000,00, úr því $\frac{2}{3}$ vaxtanna, en aldrei meir. Þá vexti, eða þann hluta vaxt-

anna, sem eigi er úthlutað sem styrk, skal leggja við sjóðinn til æfinlegrar á-
 vöxtunar. Nú er peningaeign sjóðsins orðin hálf miljón króna og getur stjórn
 sjóðsins þá ákveðið, að allt að $\frac{3}{5}$ ársvaxtanna skuli varið til stofnunar og
 reksturs barnahælis á Látrum í Aðalvík, og skal slíkt barnahæli ávallt vera und-
 ir stjórn sjóðstjórnarinnar. Forstaða slíks barnahælis skal aðeins fengin þeim,
 er tilheyrir hinni evangelísk-lútersku kirkju, og leggja skal hina mestu áherzlu
 á að efla andlegan siðferðisþroska barnanna og andlega siðfágun þeirra og
 líkamsmennt, einkum útiþróttir. Nú hefir sjóðstjórnin samkv. ofangreindu
 ákveðið að reisa barnahælið og skal hún þá um alla verkfræðilega framkvæmd
 verksins hlíta tillögum húsameistara ríkisins eða, ef hans er eigi kostur þá
 byggingarsérfræðings þess, er dómsmálaráðherra tilvísar að fenginni beiðni
 um það frá sjóðstjórninni. Leggja skal þá áherzlu á, að barnahælið verði, að
 minnsta kosti að öllum veggjum ytri og innri, gólfi og loftum, reist úr mjög
 vandaðri og sterkri járnbentri steinsteypu eða öðru jafnvaranlegu og jafn óeld-
 fimu efni. Forstöðu og umsjón á byggingarstaðnum með framkvæmd verksins
 má aðeins hafa sá maður, er fyrrgreindur sérfræðingur í byggingum, telur til
 þess hæfan. Með byggingarkostnaði má telja rafvirkjun til afnota fyrir barna-
 hælið, ef rafvirkjunin fer fram undir eftirliti sérfræðings, er dómsmálaráð-
 herra telur til þess hæfan, að fengnum tillögum sjóðstjórnarinnar um virkju-
 unina.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Ársreikningar sjóðsins skulu ár-
 lega endurskoðaðir á sama hátt og reikningar sveitarsjóðs Sléttuhrepps.

7. gr.

Á inneignarbók sjóðsins, sem í gildi er á hverjum tíma, skal ritað:
 „Minningarsjóður Guðrúnar Pálsdóttur frá Borg, er eigi má skerða nema sam-
 kvæmt skipulagsskrá sjóðsins“. Sér stjórn sjóðsins um, að jafnan verði slík
 áritun á innlagabók sjóðsins á hverjum tíma.

8. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari og má henni
 aldrei breyta.